

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á skreið  
framleiddri á tímabilinu frá 1. október til 31. desember 1981.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á skreið framleiddri á tímabilinu frá 1. október til 31. desember 1981:

Porskur:	U.S. \$ pr. lest fob.
Saga IG .....	7 803
Saga IM .....	7 441
Saga IP .....	7 019
Edda og Luna 30/50 .....	5 873
Edda og Luna 50/60 .....	6 789
Edda og Luna 60/up .....	6 973
Astra (Ítalía) .....	5 763
Astra og Polar .....	5 200
<b>Ufsi og ýsa:</b>	
Astra og Polar .....	4 300
<b>Keila og langa:</b>	
Astra og Polar .....	5 200

Verðbil verður 3½% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.  
Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði  
að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Verðið gerist upp á viðskiptagengi eins og að verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 16. nóvember 1981.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Kristín Magnússon.*

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á söltuðum  
ufsaflokum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1981.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á söltuðum ufsaflokum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1981:

Söltuð ufsaflok:	D. M. pr. lest cif.
16/20 SL .....	6 670
16/20 FF .....	5 960
16/20 AB .....	4 960
21/25 SL .....	6 420

Söltuð ufsaflök:	D. M. pr. lest cif.
21/25 FF .....	5 740
21/25 AB .....	4 775
26/30 SL .....	6 175
26/30 FF .....	5 520
26/30 AB .....	4 595
31/35 SL .....	5 910
31/35 FF .....	5 280
31/35 AB .....	4 385
36/40 SL .....	5 635
36/40 FF .....	5 035
36/40 AB .....	4 180
41/45 SL .....	5 380
41/45 FF .....	4 805
41/45 AB .....	3 980
46/50 SL .....	5 070
46/50 FF .....	4 495
51/60 SL .....	4 820

Verðbil verður 3½% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun. Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði. Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 16. nóvember 1981.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Kristín Magnússon.*

## REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

### 1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum annarra en tekjutryggingar og heimilisuppbótar skv. 14. gr., skulu hækka um 3,25% frá og með 1. nóvember 1981 frá því sem þær voru í október 1981.

### 2. gr.

Tekjutrygging og heimilisuppbót skv. 19. gr. skulu frá sama tíma hækka um 4%.

### 3. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga skulu síðan hækka um 9,92% frá og með 1. desember 1981, frá því sem gildir um bætur nóvembermánaðar skv. 1. og 2. gr. þessarar reglugerðar.

### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. laga nr. 67/1971.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. nóvember 1981.*

Svavar Gestsson.

*Páll Sigurðsson.*